
335. Kolbeinn Óttarsson Proppé (Hovedindlæg)

Forseti. Hér er ein af þessum tillögum sem við höfum sem betur fer séð nokkuð af á síðustu árum þar sem við erum hvert og eitt og saman að reyna að finna lausnir á þessum aðsteðjandi vanda sem við þurfum öll að takast á við, sem er loftslagsváin. Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að þær auki aðgerðir við bindingu kolefnis í landbúnaði og skógrækt, að þær leggi áherslu á náttúrulegar lausnir til að binda og geyma koldíoxíð. Það að binda og geyma koldíoxíð er ein af þeim lausnum sem við þurfum að horfa mikið til og finna nýjar leiðir til að gera. Farið hefur verið inn í landsmarkmið margra landa og þetta er inni í þeim alþjóðlegu kerfum sem við erum aðilar að. Einfaldasta aðferðin til að binda og geyma koldíoxíð er í svokölluðum náttúrulegum loftslagslausnum sem felast í því að auka kolefnisbindingu í vistkerfum með því að endurheimta þau eða vernda. Í flestum sviðsmyndum sem milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál, IPCC, hefur sett upp hefur verið gengið út frá því að við þurfum að einbeita okkur að tvennu næsta áratuginn og það er lykillinn í þessu.

Þó að hér sé verið að tala um bindingu er þetta aðeins önnur hliðin á þeim sama peningi sem er annars vegar binding og hins vegar losun. Við þurfum nefnilega bæði að draga úr losun en einnig að auka bindingu á þeirri losun sem illa gengur að draga úr. Það er akkúrat það sem milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á. Binding er því mikilvægur hluti af lausninni á loftslagsvandannum og það að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni. Í því samhengi held ég að á næstu árum, eða jafnvel mánuðum, fari að koma meira og meira upp umræða um hvernig það að standa vörð

um líffræðilega fjölbreytni getur rekist á aðgerðir sem koma að bindingu. Þess vegna verður að hugsa allar aðgerðir, þegar kemur að bindingu, út frá því að vernda líffræðilegan fjölbreytileika. Hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika langar mig að nefna hér verkfærakistu sem UNR, Ungmennafélag Norðurlandaráðs, hefur útbúið og hefur vakið athygli víða um heim. Ég vona að við höfum öll kynnt okkur það því að þar eru mjög góðar tillögur í þeim efnum.

Eins og ég nefndi hér í upphafi er þetta ein af þeim tillögum um eina af þeim fjölmörgu aðgerðum sem við verðum öll að grípa til ætlum við að ná árangri í baráttunni gegn loftslagsvánni.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Här föreligger ett av dessa förslag som vi lyckligtvis har sett ganska många av under de senaste åren där vi försöker var och en för sig att hitta lösningar på de problem som vi står inför och alla måste ta itu med, det vill säga klimathotet. Nordisk grön vänster föreslår att Nordiska rådet rekommenderar de nordiska regeringarna att öka insatserna på kolinlagring i jord- och skogsbruk och att prioritera naturliga lösningar för att binda och lagra koldioxid. Bindning och inlagring av koldioxid är en av de lösningar som vi måste prioritera och hitta nya metoder för. Man har tittat på många länders nationella mål och detta återfinns i de internationella system som vi har slutit oss till. Den enklaste metoden för att binda och lagra koldioxid är genom så kallade naturliga klimatlösningar, vilket innebär att öka kolinlagringen i ekosystem genom att återställa eller skydda dem. FN:s internationella klimatpanel, IPCC, har i allra flesta scenarier utgått från att vi måste ha två tankar i huvudet inom det närmaste årtiondet, och det är det som är nyckeln till det hela.

Även om vi här pratar om bindning så är det bara den ena sidan av en lösning som består dels av bindning, dels av utsläpp. Vi måste nämligen både minska utsläppen medan vi samtidigt ökar bindningen av de utsläpp som visat sig svåra att minska. Det är precis det som FN:s klimatpanel lägger stor vikt vid. Bindning är därför en viktig dellösning på klimatkrisen vid sidan av bevarandet av den biologiska mångfalden. I det

sammanhanget tror jag att vi under de närmaste åren, eller till och med de närmaste månaderna, kommer att få en ökad debatt om hur satsningar för att bevara den biologiska mångfalden kan komma i konflikt med åtgärder för inlagring. Alla åtgärder för att binda koldioxid måste därför ses över med hänsyn till målet om att skydda den biologiska mångfalden. När det gäller den biologiska mångfalden skulle jag vilja nämna ett så kallat toolkit som UNR, Ungdomens Nordiska råd, har lanserat och som har väckt uppmärksamhet världen över. Jag hoppas att vi alla har bekantat oss med det eftersom det innehåller många goda förslag på det här området.

Som jag nämnde i början av inslaget har vi här att göra med ett förslag på en av de många åtgärder som vi alla måste genomföra om vi verkligen vill uppnå resultat i kampen mot klimathotet.

Information

Tal nummer

335

Typ

Hovedindlæg

Person

[Kolbeinn Óttarsson Proppé](#)

Speaker role

Nordisk Grønt Venstres talsperson

Datum

31.10.19 09:01